

Norðurþing
Gaukur Hjartarson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. janúar 2015
Tilvísun: UST20150100008/bs

Deiliskipulag Norðurhafnar á Húsavík. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyinga dags. 22. desember 2014 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu. Deiliskipulagssvæðið nær frá suðurenda fyrirhugaðra jarðganga, en ráðgert er að nýta efni úr göngunum til landfyllinga í Norðurhöfn og við Bökugarð sem verður stækkaður. Umhverfisstofnun hefur veitt umsögn um jarðgangagerðina og stækjun Bökugarðs vegna fyrispurnar um matskyldu þessara framkvæmda. Þær framkvæmdir sem sýndar eru á umræddu deiliskipulagi eru að mestu leyti innan núverandi hafnarsvæðis. Umhverfisstofnun telur að umrætt deiliskipulag muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér eins og fram kom í umsögnum stofnunarinnar um jarðgangagerð undir Húsavíkurhöfða og stækjun Bökugarðs.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda tillögu að deiliskipulagi. Í umsögn Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings dags. 7. janúar sl. hefur slæðst inn misskilningur varðandi hæð bygginga á landfyllingum í Norðurhöfn. Vegna þessa var gefin neikvæð umsögn vegna sjónrænna áhrifa sem breyting á aðalskipulagi gæti haft í för með sér.

Beðist er velvirðingar á þessu og óskað að umræddur hluti umsagnar um breytingu á aðalskipulagi verði dregin til baka.

Virðingarfyllst

A. Birna Guttormsdóttir
Adalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur